

## AUGLÝSING

### um skipulag í Borgarbyggð.

*Deiliskipulag lóða nr. 36-38 við Borgarbraut í Borgarnesi.*

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirlit af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

*Borgarnesi, 7. júlí 2005.*

**Sigurður P. Harðarson**, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag við Galtarholt II, Borgarbyggð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirlit af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

*Borgarnesi, 5. júlí 2005.*

**Sigurður P. Harðarson**, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Skólar 1 í Fjarðabyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 7. apríl 2005 samþykkt breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðisins Bakkagerði 1 á Reyðarfirði.

Breytingin felst í að:

1. Lóð íþróttahúss er stækkuð til norðurs og lóð grunnskóla minnkuð sem því nemur, en hún er jafnframt stækkuð til austurs.
2. Legu og stærð byggingarreits fyrir íþróttahús er breytt.
3. Melgerði er hliðrað til austurs við íþróttahúslóð.
4. Bifreiðastæðum er fjölgað og þau löguð að breyttri legu íþróttahúss.
5. Lóð íþróttahúss lækkar og aðkoma verður á tveim stöðum frá suðri.
6. Ákvæði í skilmálum um mænishæð íþróttahúss er breytt úr 12 m í 16 m; jafnframt er gólfkóti lækkaður til mótvægis.